



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Endurhönnun gatnamóta á Höfðabakka í tengslum við endurnýjun umferðarljósa 2025

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Höfðabakka í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningar sem sýna m.a. að hægribeygjuframhjálaup verði fjarlægð á gatnamótum Höfðabakka við Bíldshöfða og við Bæjarháls.

Greinargerð:

Tillagan er samhljóða fyrri tillögu sem var samþykkt í Umhverfis- og skipulagsráði, langt er liðið síðan tillagan var samþykkt og komst umhverfis- og skipulagssvið ekki í framkvæmdir á sínum tíma og er tillagan því lögð fram að nýju.

Unnið er að undirbúningi þess að endurnýja umferðarljósabúnað á fimm gatnamótum á Höfðabakka. Um er að ræða búnað sem er kominn til ára sinna og getur ekki tengst miðlægri stýritölvu umferðarljósa.

Samhliða endurnýjun á búnaði eru ljósastýringar yfirfarnar og eftir atvikum, skynjurum bætt við, lagfæringar gerðar á nánasta umhverfi, sérstaklega m.t.t. aðgengis og öryggis óvarinna vegfarenda. Lagfæringar á umhverfi eru almennt séð minniháttar lagfæringar t.d. á kantsteinum, breikkun miðeyja, gerð leiðarlína og varúðarsvæðis. Markmið breytinganna er að bæta umferðaröryggi óvarinna vegfarenda m.a. með því að stytta leið þeirra yfir götu en einnig að bæta skilvirkni gatnamótanna með bættri ljósastýringu sem verður möguleg með nýjum búnaði.

Gatnamótin sem um ræðir eru eftirtalin og eru öll gatnamótin sem tengjast Höfðabakka hluti af endurnýjun búnaðar á skilavegum frá Vegagerðinni og því samvinnuverkefni með Vegagerðinni:

- Höfðabakki – Stórhöfði
- Höfðabakki – Dvergshöfði
- Höfðabakki – Bíldshöfði
- Höfðabakki – Vesturlandsvegur
- Höfðabakki – Bæjarháls

Stærri breytingar eru lagðar til á gatnamótum Höfðabakka við Vesturlandsveg og Bæjarhálsar.

Við Vesturlandsveg er lagt til að fjarlægja umferðaljós á gálgastaur vegna slæms aðgengis og slyshættu fyrir tæknifólk. Mótvægis aðgerð er að bæta við umferðaljósum á miðeyju og sbr. útfærslu á Breiðholtsbraut- Reykjanesbraut.

Við Bæjarháls er lagt til að hægribeygjuframhjálaup verði fjarlægð til að bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á gatnamótunum. Á þeim stöðum þar sem þessi ráðstöfun er lögð til er í dag töluverð umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.



Reykjavíkurborg

Áætlað er að framkvæmdir við endurnýjun umferðarljósabúnaðar hefjist vorið 2025 og ljúki um haust 2025. Áætlaður heildarkostnaður við búnað, uppsetningu og tengdar framkvæmdir er um 250 m.kr. Greiðir Reykjavíkurborg um einn þriðja og Vegagerðin um tvo þriðju í samræmi við fyrri eignarhlut.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna